



Staða barna með fjölþættan vanda

skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu

Anna Eygló Karlsdóttir
Guðrún Marinósdóttir
Hákon Sigursteinsson
Helena Unnarsdóttir
Hildigunnur Árnadóttir
Ragna Sigríður Reynisdóttir

Inngangur

Starfshópurinn er skipaður stjórnendum barnaverndar í sveitarfélögunum; Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnesi.

Aðstæður og þjónusta við börn með flókinn og fjölþættan vanda, sem þurfa að fá þjónustu utan heimilis, hafa lengi verið til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum. Árið 2012 leituðu nokkur sveitarfélög til velferðarráðuneytis vegna þessa hóps og þarfa hans fyrir öflug og sérhæfð úrræði. Óskað var eftir fjárhagslegri og faglegri aðstoð frá ríkinu vegna stöðu barnanna. Í framhaldinu var skipuð nefnd á vegum velferðarráðuneytisins sem ætlað var að finna leið sem tryggði þessum hópi barna samhæfða þjónustu. Þá skyldi nefndin horfa til þess að börnin sem þyrftu að flytja frá fjölskyldum sínum og annað, gætu dvalið þar áfram þegar 18 ára aldri væri náð.

Í nefndinni sátu fulltrúar frá velferðarráðuneyti, BUGL, Barnaverndarstofu, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, félagsráðgjafi frá geðsviði LSH og aðili frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig starfaði með nefndinni lögfræðingur frá velferðarráðuneyti. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember árið 2013 sem ber heitið „*Skýrsla nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir.*“

Nefndin gerði grein fyrir að hugsanlega væru um átta til tíu börn í þessari stöðu á hverjum tíma. Þá fjallaði nefndin um tengsl barnaverndar og þjónustukerfis fatlaðra og var niðurstaðan sú að þjónusta við þennan afmarkaða hóp ætti í meginatriðum heima innan þjónustukerfis fatlaðra. Þar væri þekking og reynsla af mismunandi fötlun og aðgengi að mikilvægri nærþjónustu sveitarfélaganna, hvort sem um ræðir almenna félagsþjónustu eða sérhæfða þjónustu vegna fötlunar eða barnaverndar. Í skýrslunni kemur fram að forsenda þess að sveitarfélögin geti tekið þetta verkefni að sér sé að ríkið taki sérstakt tillit til þeirra við mat á kostnaði. Jafnframt sé mikilvægt að ríkið tryggi geðheilbrigðisþjónustu í þessum málum. Nauðsyn sé að sveitarfélögin gangi frá sérstökum samningi við ríkið til að fá veitta þjónustu utan stofnana, svo sem sérhæfða ráðgjöf til starfsfólks sveitarfélaga við uppbyggingu sérstakra búsetuúrræða. Þá kemur fram að önnur þjónusta skuli veitt án sérstaks samnings eins og til dæmis þjónusta frá Greiningar og ráðgjafastöð og frá Barnaverndarstofu.

Nefndin skilgreindi hópinn þannig að honum tilheyra börn sem eiga við svo alvarlegar þroska- og geðraskanir, að fullreynt sé að þau geti búið í foreldrahúsum. Þau verði að fá búsetuúrræði með samræmdri og samfelldri þjónustu ríkis og sveitarfélaga en vistunarúrræði barnaverndar eigi ekki við. Vandí barnanna sé þannig að þau þurfi einkum aðstoð í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks, en sú þjónusta getur varað fram á fullorðinsár. Þá er miðað við að búseta barnanna utan heimilis geti haldið áfram eftir 18 ára aldur. Um sé að ræða samhæfða þjónustu við börnin og foreldra þeirra sem sveitarfélögin hafi yfirumsjón með. Aðkoma geðheilbrigðisþjónustu sé tryggð af hálfu LSH. Sérstakt verklag verði um þetta og þjónustusamningur gerður milli sveitarfélaga og

BUGL. Þjónusta annarra ríkisstofnana verði skv. viðeigandi lögum. Tekið er fram að þar sem ekki hafi verið tekið tillit til þessa hóps þegar málaflokkur fatlaðs fólks var fluttur til sveitarfélaganna þurfi að skoða og meta kostnað þeirra vegna vinnu með hópinn. Því lagði nefndin til að stofnað yrði teymi sérfræðinga sem færi með ráðgjöf og stuðning til sveitarfélaganna í þessum málum. Yrði um tilraunaverkefni að ræða sem vistað yrði hjá velferðarráðuneyti.

Í skýrslunni er fjallað nánar um hvar mál barna með svo viðtækan vanda skuli unnin. Tekið er fram að ekki sé um vanhæfni foreldra að ræða sem leiði til vistunar heldur sé um það flókin og fjölþættan vanda hjá börnum að ræða að það kalli á vistun utan heimilis. Í einhverjum tilfellum getur þó vandi foreldra og barna blandast saman að ákveðnu leyti. Barnavernd gæti komið að málum tímabundið til lausnar á vanda en það gæti haft þær neikvæðu afleiðingar að skyggja á þörf fyrir varanlegt úrræði og þar með stöðugleika í lífi barnsins. Þannig gætu afskipti barnaverndar komið í veg fyrir að barnið fái faglega og sérhæfða þjónustu innan kerfis málefna fatlaðs fólks og málið geti þar með verið unnið á röngum forsendum. Skilgreiningar á fötlun og barnavernd í sjálfu sér eiga ekki að ráða úrslitum heldur á að horfa á þjónustubörf, æskilega sérhæfingu og samfellu í þjónustu við barnið fram á fullorðinsár. Til að mynda þegar ljóst sé að barn muni á fullorðinsárum njóta stuðnings á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks hljóti að vera horft til þess áður en barn er 18 ára. Í nefndinni kom fram að leitað hefði verið álits sérfræðings sem telji að í þessum tilfellum eigi ekki við vistun á grundvelli barnaverndarlaga heldur vistun innan þjónustukerfis fatlaðs fólks, með því náist samfella í þjónustu við börnin.

Málið hefur verið hugleikið starfsmönnum sem vinna við þjónustu við börn og barnafjölskyldur og þrátt fyrir skýrsluna árið 2013 héldu umræður áfram og vandi í kringum málaflokkinn var áfram til staðar, bæði faglegur og fjárhagslegur. Starfshópur á vegum SSH kom einnig saman á vorönn 2018, að beiðni félagsmálastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, til að fjalla um tillögur að búsetu fyrir ungmenni með flókin og fjölþættan vanda. Þá kom fram að sveitarfélögin væru að kaupa mjög dýra og umdeilda þjónustu af fyrirtækjunum Vinakoti og Klettabæ fyrir átta einstaklinga.

Hópi stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu var falið að fjalla um eftirtalda þætti; fjölda barna sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda og fötlun, fjölda barna sem eiga við alvarlegan hegðunarvanda, fötlun og neysluvanda eftir sveitarfélögum, eðli vandans og aldur barnanna. Einnig var hópnum falið að setja fram kostnað sveitarfélaganna vegna barnanna fyrir árið 2019 og fyrstu sex mánuði ársins 2020.

Börnin sem um ræðir

Börnin sem skilgreind eru með alvarlegan fjölþættan vanda¹, í þeim sex sveitarfélögum sem standa að skýrslunni, eru 31. Þegar litið er heildrænt á upplýsingar sveitarfélaganna

¹ Fjölþættur vandi á við um börn með mikla þjónustu- og umönnunarbörf þar sem þau glíma við alvarlegan hegðunarvanda, þroska- og/eða geðraskanir (Velferðarráðuneytið, 2013), sem og vímuefnavanda og sjálfskaðandi hegðun.

Þá er það ekki fjöldi barnanna, sem eru í þörf fyrir umfangsmikla þjónustu sem er áhyggjuefni, heldur þjónustukostnaðurinn. Það sem vekur eftirtekt, við töfluna hér að neðan, er að stærstur hluti barnanna er fæddur um og eftir 2005, sem endurspeglar þá þróun að ekki kemur til vistunar barna utan heimilis fyrr en önnur og vægari úrræði hafi áður verið reynd, en það vísar til meðalhófs við vinnslu mála er varða börn og fjölskyldur þeirra. Það má hins vegar velta því fyrir sér hvort það eigi alltaf við í þessum vandasömu málum, en fyrst og fremst þarf að taka ákvarðanir út frá því hvað er barni fyrir bestu. Eðlilegt er að velta því upp hvort mál þessara barna eigi það til að velkjast lengi um í kerfinu, með misgóðum árangri ýmissa úrræða, til að koma í veg fyrir vistun utan heimilis í dýrum einkareknum úrræðum, með þeim afleiðingum að vandinn þróist til verri vegar með tilheyrandi álagi fyrir börnin og aðstandendur þeirra.

Ef fjölgun verður í þessum hóp barna þá standa sveitarfélögin frammi fyrir fjárhagslegum áskorunum sem alls er óvíst að þau standi undir, sér í lagi í við þær aðstæður sem nú eru uppi. Ekki fæst séð hvernig ríkið getur komið sér undan ábyrgð í þjónustu við börn í þessari alvarlegu stöðu, með vísan til þess að yfirleitt eru þessi börn með fötlunargreiningu og þar með á forræði sveitarfélaganna. Eins og áður hefur verið áréttað er vandi barnanna flókinn samsettur vandi. Slíkur vandi kallar á samsetta þjónustu og samfellu sem krefst aðkomu annarra þjónustuaðila en sveitarfélaganna. Eðlilegast er að tryggja börnum í þessari viðkvæmu stöðu fjölþætta þjónustu með það að markmiði að þjónustan komi til þeirra, ekki öfugt. Fjöldi rannsókna liggja fyrir sem dregið hafa fram nauðsyn sérhæfðra meðferðarúrræða og að margþættum vanda barna verði ekki mætt nema með fjölþættum nálgunum og úrræðum. Augljóst er að koma þarf upp búsetuúrræði fyrir þennan hóp barna og til þess að geta stýrt faglegri uppbyggingu slíks úrræðis þurfa ríki og sveitarfélög að koma að þeirri uppbyggingu og er vísað til 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 í því sambandi um þau heimili og stofnanir sem ríkið skal sjá til að séu tiltæk. Þegar ríkið skilgreinir sig frá þessu verkefni er það að bregðast skyldum sínum gagnvart þessum allra viðkvæmustu börnum, það er óviðunandi.

Einkarekin búsetuúrræði

Á höfuðborgarsvæðinu eru rekin tvö einkarekin úrræði sem sérhæfa sig í búsetuúrræðum fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

Klettabær er sérhæfð þjónusta fyrir börn og ungmenni sem glíma við margþættan vanda. Boðið er uppá einstaklingsbundin búsetuúrræði til langs- og skamms tíma. Einnig er möguleiki á bráðavistun ef aðstæður leyfa. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um tengslamyndandi nálgun og notað er atferlismótandi kerfi sem er sérsniðið að einstaklingnum.

Vinakot starfrækir búsetuúrræði, boðið er upp á langtíma- og skammtíma vistun auk hvíldarinnlagna. Boðið er uppá fræðslu, einstaklingsviðtöl, ráðgjöf, heimaráðgjöf og hópastarf. Þjónusta Vinakots er ætluð börnum og ungmennum sem eru að glíma við fjölþættan vanda. Vandinn getur falið í sér hegðunarvanda, vímuefnavanda,

geðsjúkdóma, fatlanir, tölvufíkn og þroskafrávik. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og unnin í samráði og samstarfi við alla málsaðila.

Yfirlit og kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Yfirlit yfir fjölda barna með alvarlegan fjölþættan vanda og í þörf fyrir búsetuúrræði 2019-2020				
Garðabær				
Eðli vanda (hegðun, fötlun, neysla)	Aldur	Þjónusta sem barn er að fá	Kostnaður v. þjónustu 2019	Kostnaður fyrstu sex mánuði 2020
Hegðun, fötlun, ofbeldi	2005	Klettabær (hluta búseta)		18.570.291
Hegðun, fötlun, ofbeldi	2004	Klettabær (hvíldarhelgar)NPA		9.794.480
Hegðun, fötlun, sjálfskaði	2009	Móafliót (skammt.vistun), Sinnum, Klettabær		14.618.882
Reykjavíkurborg				
Eðli vanda (hegðun, fötlun, neysla)	Aldur	Þjónusta sem barn er að fá	Kostnaður v. þjónustu 2019	Kostnaður fyrstu sex mánuði 2020
Hegðun og vanræksla	2003	Klettabær og fleira	1.240.790	13.000.000
Fjölþættur vandi, fötlun	2005	Klettabær og fleira	10.429.758	48.238.908
Fjölþættur vandi, fötlun	2004	Klettabær og fleira	20.571.137	53.044.110
Fjölþættur vandi, fötlun	2003	Klettabær og fleira	794.300	10.000.000
Vanræksla og hegðun	2010	Klettabær og fleira	17.801.539	15.628.500
Fjölþættur vandi, fötlun	2007	Vinakot og Ylfa		22.247.050
Vanræksla og fötlun	2006	Fóstur, stuðn. fj. og fleira	11.453.447	6.736.059
Fjölþættur vandi, fötlun	2007	Klettabær og fleira	15.248.630	57.143.585
Fjölþættur vanda, fötlun	2005	Meðferð	40.266.000	43.000.000
Fjölþættur vandi, þroska og geð		Klettabær og fleira	144.425.026	72.193.743
Þroskaskerðing, einhverfa	2001	Fóstur	2.877.412	1.491.730
Vanræksla og tengslavandi	2010	Fóstur og fleira	19.448.238	11.480.201
Vanræksla og tengslavandi	2004	Fóstrur og fleira	14.019.696	7.255.260
Vanræksla og þroskaskerðing	2005	Fóstur og fleira	5.009.449	4.409.032
Vanræksla og þroskaskerðing	2004	Fóstur og fleira	11.609.112	5.593.120
Vanræksla og tengslavandi	2006	Klettabær og fleira	0	45.874.884
Vanræksla og tengslavandi	2008	Fóstur og fleira	4.702.004	6.115.231
Kópavogur				
Eðli vanda (hegðun, fötlun, neysla)	Aldur	Þjónusta sem barn er að fá	Kostnaður v. þjónustu 2019	Kostnaður fyrstu sex mánuði 2020
Fötlun, barn beitir ofbeldi	2007	Vinakot	0	5.274.221
Neysla, barn beitir ofbeldi	2003	Fannafold	0	15.750.000
Fötlun, vanræksla	2005	Varanlegt fóstur og stuðningsfj.	14.432.040	7.468.650
Neysla, vanræksla	2003	Tímabundið fóstur	10.669.500	5.334.750
Hafnarfjörður				
Eðli vanda (hegðun, fötlun, neysla)	Aldur	Þjónusta sem barn er að fá	Kostnaður v. þjónustu 2019	Kostnaður fyrstu sex mánuði 2020
Hegðunarröskun, tengslavandi	2003	Vinakot	114.355.212	53.000.500
Ofbeldi, neysla framheilaskaði	2005	Vinakot	3.400.000	40.446.324
Ofbeldi, fötlun, neysla	2003	Klettabær	75.000.000	
Þroskaskert móðir, nýfætt barn	0	Mín velferð		18.000.000
Neysla	2003	Fannafold, BVS og Vinakot		9.660.000
Mosfellsbær				
Eðli vanda (hegðun, fötlun, neysla)	Aldur	Þjónusta sem barn er að fá	Kostnaður v. þjónustu 2019	Kostnaður fyrstu sex mánuði 2020
Hegðun, heimilisaðst, greiningar	2005	klettabær, þjónusta heim. Listm.		6.600.000
Seltjarnarnes				
Eðli vanda (hegðun, fötlun, neysla)	Aldur	Þjónusta sem barn er að fá	Kostnaður v. þjónustu 2019	Kostnaður fyrstu sex mánuði 2020
Áhættuhegðun, greining	2011	Klettabær	85.179.783	37.097.000
Áhættuhegðun, greining,fötlun	2005	Móafliót	8.452.702	4.053.138
Heimilisaðstaður	2009	Ylfa	2.539.000	

Niðurstaða

Vandi barna sem þurfa á sérhæfðum búsetuúrræðum að halda er afar mikill og erfiður. Þegar kemur að ákvörðun um búsetuúrræði hafa í flestum tilvikum öll önnur úrræði verið reynd og mál barnanna verið unnin í mörgum kerfum til langs tíma. Staða fjölskyldunnar í heild er orðin veik, foreldrar bugaðir af álagi og systkini líða fyrir langvarandi álag allra á heimilinu.

Kostnaður vegna einkarekinna úrræða er stór þáttur í umræðu um börn með fjölþættan vanda. Sveitarfélög og ríki þurfa að ákveða kostnaðarskiptingu milliríkis og sveitarfélaga vegna þessara úrræða, með vísan til 15. kafla barnaverndarlaga um heimili og stofnanir á

ábyrgð ríkisins. Undanfarin ár hefur þróunin verið sú að úrræði Barnaverndarstofu hafa ekki verið tiltæk fyrir þennan hóp barna og þar með hefur kostnaðurinn að langmestu leyti lagst á herðar sveitarfélaga, sem samræmist ekki ákvæðum barnaverndarlaga líkt og að ofan hefur verið tíundað. Stór hluti barna með fjölþættan vanda ætti heima í styrktu fóstri, slík úrræði hafa hins vegar ekki verið tiltæk eða umsóknum sveitarfélaga verið hafnað og þeim því nauðugur kostur að mæta þjónustuþörfinni með öðrum hætti. Þar með losnar Barnaverndarstofa undan ábyrgð. Það er skekkja í því að Barnaverndarstofa losni undan fjárhagslegri ábyrgð á að tryggja börnum í brýnni þörf tiltekinnar þjónustu, án þess að bjóða upp á aðrar lausnir og þar með setja ábyrgðina alfarið á sveitarfélög.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komist að nefna að í auknum mæli hafa starfsmenn stofnanna, á ábyrgð ríkisins, haft frumkvæði að því að leggja til að börn, í þeirra þjónustu, verði vistuð í úrræðum Vinakots og Klettabæjar. Það verður ekki við það unað að starfsmenn stofnanna á vegum ríkisins stuðli að beitingu einkarekinna úrræða án þess að bera þar nokkra ábyrgð, hvorki faglega né fjárhagslega og gangi um leið gegn meðalhófi.

Í framkvæmdaáætlun félags- og barnamálaráðherra um barnavernd fyrir árin 2019 – 2022 eru sett fram ný úrræði og áherslur sem að einhverju leyti gagnast börnum með fjölþættan vanda og jafnframt fyrirbyggjandi úrræði sem ættu að koma í veg fyrir að svo mörg börn þurfi búsetuúrræði með kostnaðarsamri hámarks þjónustu.

Tildrög þess að einkarekin búsetuúrræði fyrir börn urðu til og sveitarfélögin þurfa á þeim að halda má að einhverju leyti rekja til breytinga á meðferðarkerfi Barnaverndarstofu og fækkun úrræða. Sem dæmi um það má nefna lokun á heimilunum Árbót og Bergi árið 2010 en á þeim heimilum voru drengir sem í dag væru líklega skilgreindir sem börn með fjölþættan vanda. Á árunum 2011 og 2012 varð þörf á úrræðum fyrir börn með alvarlegan hegðunarvanda og geðraskanir afar áberandi, einkaúrræðin urðu til og árið 2013 kom út fyrirnefnd „Skýrsla nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir“ sem ætlað var að skýra hlutverk stofnana og tryggja þjónustu við börn með þennan alvarlega vanda.

Þrátt fyrir þessa umfjöllun er það ekki mat hópsins að fjölskyldurekin meðferðarheimili utan höfuðborgarsvæðisins séu úrræði sem aftur ætti að hverfa til. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að þjónusta við þennan hóp barna var að hluta til lögð niður án þess að önnur úrræði kæmu í þeirra stað. Margar breytingar sem Barnaverndarstofa hefur stofnað til hafa verið jákvæðar og til þess að stuðla að valdeflingu barna og fjölskyldna þeirra og ber þar helst að nefna innleiðingu MST. Þau úrræði þjóna hins vegar ekki þeim hópi barna sem fjallað er um hér.

Í dag eru rekin tvö meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu, Laugaland fyrir stúlkur og Lækjarbakki fyrir drengi. Fjallað hefur verið um að fáar umsóknir berist í úrræðin og að nýting þeirra hafi dregist saman. Starfsmenn barnaverndar, sem vinna með unglingum sem þurfa á íþyngjandi úrræðum eins og meðferðarheimilum að halda, hafa kvartað

undan því að umsóknarferli heimilanna sé þungt og skilgreiningar fyrir þjónustu þar of þröngar. Hér er því þeirri hugmynd varpað fram að hlutverk meðferðarheimilanna verði endurskilgreint með það að markmiði að fleiri börn geti nýtt sér þjónustu þeirra. Þannig yrði lögð áhersla á að skilgreina úrræðin í samræmi við þarfir barna á hverjum tíma og þann vanda sem áberandi er og nauðsynlegt er að takast á við. Að mati hópsins er mikilvægt að leggja áherslu á einföldun umsókna í úrræði, bæði umsóknir um meðferðarheimili og umsóknir vegna styrkts fósturs. Einkaúrræðin Vinakot og Klettabær taka við börnum með mjög erfiðan og fjölþættan vanda en þrátt fyrir það er umsóknarferlið einfalt og gengur hratt fyrir sig. Horfa mætti til þess ferlis með það að markmiði að gera umsóknarferli Barnaverndarstofu einfaldara, án þess þó að dregið verði úr kröfum faglegra vinnubragða starfsmanna barnaverndar. Hér er mest um vert að hafa umsóknir markvissar og draga með skýrum hætti fram kjarna vandans.

Starfshópurinn fjallaði einnig um eftirfarandi hugmyndir og úrræði:

Hvíldarúrræði: Úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra sem gegnir samskonar hlutverki og skammtíma vistanir í lögum um málefni fatlaðra. Úrræðið yrði notað áður en ákvörðun um búsetuúrræði fyrir barnið yrði tekin. Markmiðið með úrræðinu væri að lengja þann tíma sem barnið getur búið heima. Þetta úrræði gæti til dæmis fallið vel með MST meðferð.

MST-CAN: Að byggð verði upp fleiri og öflugri millistigsúrræði eins og MST-CAN. MST-CAN er meðferð á heimilum barna sem búið hafa við ofbeldi og vanrækslu. Að lögð verði áhersla á að MST-CAN úrræðið geti byrjað sem fyrst.

Fóstur og fósturforeldrar: Að Barnaverndarstofa búi til stærra mengi fósturforeldra sem hafa hæfni til að sinna starfinu og fái markvissa handleiðslu sem Barnaverndarstofa heldur utan um. Að auglýst sé sérstaklega eftir fósturforeldrum sem geta sinnt börnum með fjölþættan vanda og að sá hópur fósturforeldra verði sérstaklega undirbúinn fyrir starfið og fái góðan stuðning (handleiðsla, fræðsla, símenntun). Í framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir árin 2019 – 2022 (E-2) er fjallað um innleiðingu meðferðar á sérhæfðum einkaheimilum með fimm manna meðferðarteymi sem veitir stuðning og ráðgjöf. Þetta úrræði er mjög mikilvægt og gæti nýst þeim hópi sem fjallað er um í þessari skýrslu, börnum með fjölþættan vanda og væntingar eru um að úrræðið dragi úr þörf fyrir búsetuúrræðum til langs tíma. Gert er ráð fyrir innleiðingu á árinu 2021 og að 3-5 börn geti nýtt úrræðið árið 2022.

Eftir að þessi skýrsla lá fyrir komu sviðsstjórar velferðarsviða á Akureyri og Ísafirði ásamt félagsmálstjóra Múlaþings að umræðu um þessi mál. Þeir voru sammála innihaldi skýrslunnar en bentu á þá sérstöðu landsbyggðarinnar að þurfa að sækja nánast alla þjónustu til höfuðborgarsvæðisins. Má þar nefna innlagnarþjónustu eins og á BUGL og Stuðlum og ýmis konar sérfræðiþjónustu sem er ekki í boði annars staðar. Ekki var farið í þá vinnu að taka saman yfirlit yfir þau börn sem eru búsett utan höfuðborgarsvæðisins og tilheyra þessum hópi og kostnað vegna þeirra.

Við þá nauðsynlegu uppbyggingu sem er framundan í þessum málaflokki m.a. í tenglum við væntanleg lög um samþætta þjónustu í þágu barna, er mikilvægt horfa til þess að börn á öllu landinu og fjölskyldur þeirra hafi jafnan aðgang að úrræðum án kerfislægra eða fjárhagslegra hindrana.

Samantekt og lokaorð

Í ágúst 2020 fól samráðshópur SSH um velferðarmál, starfshópi stjórnenda í barnavernd að afla upplýsinga um þau börn á höfuðborgarsvæðinu sem eru með alvarlegan fjölþættan vanda og í þörf fyrir búsetuúrræði.

Starfshópurinn hefur nú fundað í sjö skipti vegna verkefnisins og tekið saman helstu atriði sem þótt hafa mikilvæg í þessu sambandi og gerð hefur verið grein fyrir.

Tilfni er til að minnast á að þegar árið 2012 höfðu nokkur sveitarfélög leitað til velferðarráðuneytis vegna þessa hóps og þarfa hans fyrir öflug og sérhæfð úrræði. Skipuð var nefnd um málið sem skilaði skýrslu árið 2013 sem ber heitið „Skýrsla nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir“. Í skýrslunni skilgreindi nefndin hópinn sem um ræddi þannig að honum tilheyrðu börn með svo alvarlegar þroska- og geðraskanir, að fullreynt væri að þau gætu búið heima. Síðan hefur verið unnið út frá þessum skilgreiningum og hvernig unnið skuli með börnin. Þá er helst tiltekið að mál þeirra séu unnin út frá lögum um málefni fatlaðs fólks, enda séu líkur á að þessi börn þurfi þjónustu fram á fullorðinsár.

Árið 2020 er málið enn í brennidepli með tilliti til þarfa og þjónustu við þessi börn. Enn liggur ekki ljóst fyrir hvar kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda skuli liggja og ekki eru heldur fyrir hendi þau fjölbreyttu úrræði sem ljóst er að beita þarf í málum barna með flókinn og fjölþættan vanda. Þess má geta að málaflokkur fólks með fötlun hefur færst yfir til sveitarfélagana, sem gerir hópinn sem um ræðir enn stærri en ella.

Síðustu ár hafa orðið gríðarlegar breytingar í flóru úrræða fyrir börn í vanda og er það vel. Aukna sérhæfða þjónustu inn á heimili barna ber þar helst að nefna en þróun í sérhæfðum búsetuúrræðum eða skammtí mavistunum hefur ekki orðið til samræmis við fyrirbyggjandi þörf. Viðleitni til að leysa mestan vanda á heimilum barna er mikilvæg en þó verður að taka tillit til þess að veruleikinn er sá að sum börn geta ekki búið heima. Stundum þarf blöndu af hvoru tveggja til að árangur náist. Þörfin fyrir öflug, fagleg og sveigjanleg

vistunarúrræði, sem eru á færi sveitarfélaganna að nota er síst minni en árið 2012. Því er ljóst að fjarað hefur undan vistunarúrræðum Barnaverndarstofu vegna barna með fjölþættan vanda og þá sérstaklega vistunarúrræðum. Um 45-50 meðferðarpláss sem til ráðstöfunar voru á vegum ríkisins fyrir barnaverndarnefndir landsins fyrir nokkrum árum hafa verið lögð niður án þess að önnur úrræði hafi komið í staðinn fyrir þennan hóp barna. Fyrir vikið hefur sá kostnaður sem áður lá hjá ríkinu fallið alfarið á sveitarfélögin sem er óeðlileg þróun. Ríkið getur ekki skorast undan ábyrgð á þjónustu við þennan hóp barna í mestri þörf fyrir umfangsmikla þjónustu. Slíkt bitnar á börnunum og hagsmunum þeirra.

Nú þegar nýtt frumvarp um farsældarlög fyrir börn og barnafjölskyldur er í smíðum, er tilvalið að nota tækifærið til uppbyggingar á nýjum og sveigjanlegum meðferðar- og/eða vistunarúrræðum fyrir börn með alvarlegan vanda, til lengri eða skemmri tíma. Komið hefur fram að í þessum lögum eigi kerfin, þ.e. velferðarkerfi, heilbrigðiskerfi og menntakerfi að leita sameiginlegra leiða til farsældar fyrir börnin. Starfshópur stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu vill af þessu tilefni leggja til að þetta verði haft að leiðarljósi í vinnu að bættum úrræðum í málaflokki barna með fjölþættan vanda. Mikilvægt er að:

1. Úrræðin séu sveigjanleg og taki mið af þörfum barna á hverjum tíma
2. Umsóknir um úrræðin verð einfaldari og markvissari en verðiekki að flöskuhálsum og hindrunum í að tryggja börnum nauðsynlega þjónustu
3. Bæði ríki og sveitarfélög taki þátt í uppbyggingu úrræða, þar sem skýr og vel skilgreind kostnaðarskipting liggur fyrir og fjölbreytt samsetning þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda verði tryggð.

Sveigjanleiki, samvinna og sameiginleg leit að lausnum mun verða börnum í þessum málaflokki fyrir bestu.